



CAD Fréttir Janúar 2008

Gleðilegt ár:

Lífið er farið að ganga sinn vana gang og er kominn tími til að senda út fréttabréf, en maður er enn eftir sig eftir nýafstaðnar hátíðir.

Jólin komin og farin, áramótin einnig og þjóðfélagið getur haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist. Allir eru í líkamsræktar hugleiðingum en menn og konur getað tekið nokkur létt æfingaspor í Kringlum landsins því útsölur eru hafnar og langt komnar og landinn getur haldið áfram að eyða peningunum sem voru ekki til fyrir jólin og nota krítarkortið óspart. Kortaklippir kemur ekki fyrr en í febrúar. Einnig er hægt að taka nokkrar léttar líkamsræktaræfingar á gólfi með því að máta útsólufötin.

Sem sagt lífið gengur sín vana gang á eldgamla Ísafold. Þetta er hinn beztu allra heima.

Sólin er farin að hækka á himninum og dagurinn hefur þegar lengst um nokkrar mínútur og það eitt gefur ástæðu fyrir bjartsýni.

Vinur minn orðaði það vel þegar hann sagði:

Það er dýrt að lifa á jörðinni, en þú færð að minnsta kosti fría hringferð í kringum sólina.

AutoCAD 2005 fjölskyldan:

Þann 15 janúar 2008 rennur út síðasta uppfærslutilboðið vegna uppfæslna á 2005 fjölskyldunni. Til 15 janúar er 10 % afsláttur á uppfærslum í 2008. Áskrift er skylda á öllum forritum frá Autodesk. Eftir 15 mars 2008 verður ekki lengur unnt að uppfæra 2005 forritin.

Servicepacks og uppfærslur:

Engar nýjar uppfærslur hafa komið síðan síðasta fréttabréf kom út - þó er alltaf gott að athuga þetta reglulega inni á þjónustuvefnum hjá Autodesk:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/index?siteID=123112&id=9339357>

Kennsluáætlun:

AutoCAD 2008 / LT 2008 Essentials	11.-12. og 18.-19. janúar 2008	4 dagar
Autodesk Inventor 2008 Essentials	25.-26. jan og 1.-2. febr. 2008	4 dagar
AutoCAD þrívídd	15.- 16. febrúar 2008	2 dagar
AutoCAD Electrical 2008 Essentials	18.-19. apríl 2008	2 dagar

Enn eru örfá sæti laus á AutoCAD grunnnámskeið sem byrjar næsta föstudag (11.01.2008)

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl. 9 og 16.

Einnig má skrá sig á heimasíðu Iðunar

[Iðan](#)

Tip, tricks og ábendingar:



AutoCAD 2008 - Auka eintök með Ctrl lýkilinn:

Ctrl lýkilinn er til ýmisa brúka nothæfur í AutoCAD t.d. ef þú vilt fjölfalda (copy) með jöfnu millibili.

1. Teiknið hlut t.d. circle.
2. Veljið hlutinn og veljið síðan handfang þannig að það verði "hot" (rautt).
3. Ýtið á bilstöngina þangið til þið eruð komnar í "Move" ham.
4. Ýtið á C til að fá "copy" ham.
5. Færið bendilinn í rétta átt.
6. Sláið inn tölu fyrir fjarlægð.
7. Haldið neðri Ctrl lýkilinn.
8. Færið bendilinn. Athugið að hluturinn færir í stökkum.
9. Smellið til að staðsetja hlutinn.
10. Endurtakið að færa bendilinn.
11. Ýtið á Esc þegar þið viljið hætta.

AutoCAD 2008 - Copy to layer

Minni á Layer II hnappastikuna og CopytoLayer skipunina.

Smellið á hnappinn og veljið lagið sem þú villt kópiera á annað lag. Þessi aðgerð færir EKKI hlutina en fjölfaldar (kópierar) þá yfir á annað lag.

Þegar búið er að velja hluti veldu þá lagið sem á að kópiera yfir á.

Ef þú slærð inn "N" fyrir "name" þá kemur upp listi með lagnöfnum sem unnt er að velja úr.

Einnig er unnt að slá inn nýtt nafn í samskiptaboxið og nýtt lag er búið til.



copy objects to new layer

Inventor 2008 - Til að sýna faldar línur:

Til að sýna faldar línur í tilteknum hlutum

1. Haldið neðri Shift og hægri smellið á auðan flöt í tilteknu View. Veljið "Part Priority".
2. Smellið á hlutinn eða haldið neðri Shift til að velja meira en einn hlut.
3. Hægri smellið á auðan flöt í "View'inu". Smellið á "Hidden Lines".

ATH: Ef þú vilt velja hlut (partur) sem er ekki sýnilegur í tilteknu "View" er einnig unnt að velja hlutinn í yfirlitstrénu (Browser).


Inventor 2008 - Mismunandi rúnningar (Filletts):

Hefurðu nokkurn tíma velt fyrir þér hinar mismunandi gerðir af "Fillet"

Edge fillet (rúnnaður kantur) er sjálfgefin og þú velur einfaldlega kant og gefur upp rúnning (radius)

Ef þú hefur flóknari þarfir skaltu reyna við "Face Fillet". Valdir eru 2 fletir og radius. Það sérstaka við Face Fillet er að þessi skipun getur fyllt inn í svæði sem "Edge Fillet" getur ekki.

Að lokum er "Full Round Fillet" þar sem valdir eru þrír fletir. Þessi aðgerð býr til "fillet" jafnvel þó svo að rúnningurinn (radius) sé ekki konstant.



Ég kveð að sinni.
F.h. CAD ehf

Finnur P. Fróðason

Hafið Samband:

sími: 5523990 - cad@cad.is

[Forward email](#)

 SafeUnsubscribe®

This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is.

[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by



CAD ehf | Skipholt 50 A | Reykjavík | IS-105 | Iceland